

STJÓRNARTÍÐINDI B 9 – 1989

20. febrúar 1989

105

Nr. 50

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum í norðanverðum Faxaflóa.

1. gr.

Frá og með 21. febrúar 1989 til og með 15. mars 1989 eru allar línuveiðar bannaðar í norðanverðum Faxaflóa norðan línu, sem dregin er milli eftirgreindra staða:

1. Göltur (64°44'N – 23°36'V)
2. 64°31'N – 22°58'V
3. Hjörsey (64°31'N – 22°22'V)

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1986, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. febrúar 1989.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

13. febrúar 1989

Nr. 51

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin einstefna á Vonarstræti frá Templarasundi að Suðurgötu.

Ákvörðun þessi tekur gildi 20. febrúar 1989.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 13. febrúar 1989.

Böðvar Bragason.

B 10